

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps *aukafundur.*

að Hlíðavegi 6, 5.3. 2004

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund.

2. Efni: Frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Eftirfarandi þalyktun var samþykkt samhljóða.

Um langt árabíl hefur sveitarstjórn Skútustaðahrepps haft uppi óskir um að lögum um verndun Mývatns og Laxár nr. 36/1974 verði breytt. Helstu ástæður óska Skútustaðahrepps hafa verið þær að skipulagsmál og allar framkvæmdir í hinum víðfema hreppi hafa lotið leyfisveitingu Umhverfisstofnunar, áður Náttúruverndar ríkisins. Á ýmsu hefur gengið í þeim samskiptum, þó svo þau hafi farið batnandi. Engu að síður telur sveitarstjórn Skútustaðahrepps óeðlilegt að íbúar Mývatnssveitar búi við önnur lög en aðrir landsmenn.

Í kjölfar endurtekinna óska sveitarstjórnar Skútustaðahrepps var skipuð nefnd til að endurskoða lög. Sú nefnd náði samkomulagi og til varð lagafrumvarp sem lagt var fram á síðasta þingi og aftur nú á yfirstandandi þingi, en þá að viðbættu bráðabirgðaákvæði sem mjög hefur verið til umræðu í fjölmiðlum að undanfögnu. Í kjölfar samþykka Landeigendafélags Laxár og Mývatns í gær um bráðabirgðaákvæðið lýsti umhverfisráðherra þeirri skoðun sinni að hún teldi rétt að málið biði í nefnd þingsins.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps lýsir verulegum áhyggjum vegna þessa máls og leggur þunga áherslu á að meginefni frumvarpsins verði afgreitt á yfirstandandi þingi og þá án bráðbirgðaákvæðisins nái þeir sem um það deila ekki samkomulagi um málið. Ef þurfa þykir má síðar breyta lögnum þannig að mögulegt verði að framkvæma umhverfismat til að ráða bót á sandburði í Laxá sem sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur afar mikilvægt fyrir lífríki Laxár og Mývatns og til mikilla hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila málsins.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Guðrún María Valgeirsdóttir,
Jón Óskar Ferdinandsson,
Kristján Stefánsson,
Birkir Fanndal Haraldsson,
Böðvar Pétusson.